

Markmið samgöngustefnu Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns er að stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta. Safnið vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks síns, sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur. Með vistvænum samgöngumáta er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast til og frá vinnu í einkabíl, svo sem að ganga, hjóla eða ferðast með strætisvögnum.

LEIÐIR

- ▶ Landsbókasafn hvetur starfsfólk sitt til að nýta sér almenningssamgöngur, hjóla eða ganga til og frá vinnu sem og á fundi á vinnutíma.
- ▶ Starfsfólk sem notar vistvænan samgöngumáta getur gert samgöngusamning við Landsbókasafn.
- ▶ Landsbókasafn vill bjóða góða aðstöðu á vinnustað fyrir þá sem stunda vistvænar samgöngur.
- ▶ Fyrir það starfsfólk sem að jafnaði notar vistvænan samgöngumáta greiðir Landsbókasafn leigubílakostnað í neyðartilvikum á vinnutíma, t.d. vegna veikinda barna.
- ▶ Starfsfólk fer gangandi á fundi ef það tekur 15 mínútur eða skemur.
- ▶ Landsbókasafn hvetur starfsfólk til að fjölga síma- og fjarfundum eins og kostur er.
- ▶ Árlega stendur Landsbókasafn fyrir fræðslufundi í því skyni að efla vitund starfsfólks um vistvænar samgöngur og lífshætti.

Samþykkt af Framkvæmdaráði í mars 2014.